

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 1. febrúar 2022.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Persónuálag - slökkviliðsstjóri

LSS lagði fram mál varðandi mat á rétti slökkviliðsstjóra til persónuálags. Viðkomandi hefur starfað í 14 ár sem slökkviliðsstjóri og er ráðinn í 8,4% starfshlutfall. Viðkomandi gegnir einnig öðru starfi hjá sveitarfélaginu í 100% starfshlutfalli. Samtals er starfsmaðurinn nú ráðinn í 108,4% starfshlutfall. Starfsmaðurinn fær greitt persónuálag í aðalstarfi sínu hjá sveitarfélaginu miðað við 100% starfshlutfall.

LSS telur að slökkviliðsstjórinn eigi rétt á 8% persónuálagi til viðbótar fyrir þann hluta starfsins sem er umfram 100% starfshlutfall skv. grein 10.2.2 í kjarasamningi LSS og SNS.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að hámarksgreiðsla persónuálags samkvæmt gr. 10.2.2 miðist við 100% starfshlutfall.

Jafnframt hafa fulltrúar SNS bent viðkomandi sveitarfélagi á að ekki sé heimilt að ráða starfsmenn í hærra starfshlutfall en nemur 100%. Sveitarfélagið hefur tekið þeim ábendingum vel og mun gera viðeigandi ráðstafanir til að starfshlutfallið fari ekki yfir 100%.

2. Undanþága frá sjúkraflutningum

Fulltrúar LSS lögðu fram erindi varðandi undanþágu frá sjúkraflutningum vegna 50 ára reglunnar og framkvæmd hennar.

Niðurstaða:

Fulltrúar LSS koma með tillögu að niðurstöðu fyrir næsta fund nefndarinnar.

3. Slökkviliðsstjóri sveitarfélags

LSS lagði fram mál slökkviliðsstjóra sveitarfélags sem óskar eftir að komið sé á formlegum bakvöktum eins 7. gr. reglugerðar 747/2018 um starfsemi slökkviliða kveður á um. Þess er einnig krafist að greitt verði fyrir þessar bakvaktir frá því reglugerðin tók gildi í júní 2018. Að auki er þess krafist að hann fái greitt aukalega fyrir gerð brunavarnaáætlunar sem gerð var árið 2020.

Niðurstaða:

Sveitarfélagið hefur gengið frá greiðslu til slökkviliðsstjórans fyrir vinnu við brunavarnaráætlun. Unnið er áfram að úrlausn annarra mála.

4. Gerð kjarasamnings milli aðila vegna slökkviliðsstjóra

Á síðasta ári voru viðræður í gangi um gerð kjarasamnings milli aðila vegna slökkviliðsstjóra. Viðræðum var frestað meðan beðið var niðurstöðu starfsmats á störfum slökkviliðsstjóra. Nú liggur niðurstaða matsins fyrir og því ekkert að vanbúnaði að hefja viðræðu á ný.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að viðræður hefjist sem allra fyrst. SNS hefur frumkvæði í málinu og boðar aðila til fundar.

Fleira var ekki gert.